

Kristján Stefánsson
Pétursborg
600 Akureyri

Reykjavík, 7. apríl 2022
UST202204-022/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kristjáni Stefánssyni fyrir hönd True North ehf, dagsett 4. apríl 2022, um leyfi til myndatöku við Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða ljósmyndatökur framan við og ofan við Skógafoss 8. eða 9. apríl 2022. Áætlað er að tókurnar taki 6-7 klst að hámarki. Rútu, búningabíl, eldhúsbíl, mótuneytisbíl og vörubíl yrði lagt syðst á bílastæðinu til að valda sem minnstu ónæði auk þriggja minni bifreiða. Við eldhúsbílinn verður komið fyrir 25kw rafstöð. Ekki verður farið útfyrir göngustíga og engin dróni verður notaður. Að tókunum koma 28 manns. Með umsókn fylgdi loftmynd sem sýnir tókusvæðið og hvar aðstöðubílum verður lagt.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru eða verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Tökurnar eru taldar líklegar til að hafa neikvæð áhrif á upplifun annara gesta sem heimsækja svæðið á meðan verkefnið fer fram en stofnunin metur að hægt sé að takmarka áhrifin sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Jarðvegur er almennt mjög viðkvæmur í apríl og maí og því mikilvægt að þeir sem komi að framkvæmdinni fari ekki út fyrir stíga og palla eða skaði jarðveginn á annan hátt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kristjáni Stefánssyni fyrir hönd True North ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss í einn dag sbr. lýsingu hér að ofan 8.-9. apríl 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Takmarka skal notkun rafstöðvar eftir því sem tók eru á.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir ljósmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur